

Auglýsing

um

breytingar á burðargjaldi til Danmerkur.

111
31. mars

Frá 1. apríl þ. á. skal taka burðargjald fyrir sendingar þær frá Íslandi til Danmerkur, sem að neðan eru taldar eins og hjer segir:

Spjaldbrjef	15 aurar
Spjaldbrjef með borguðu svari	30 —
Fyrir óborguð eða vanborguð spjaldbrjef skal heimta hið vanborgaða burðargjald að viðbættum 15 aurum, þó aldrei meira en hið vanborgaða burðargjald tvöfalt.	
Prent, sýnishorn af vöru og verslunarskjöl fyrir hver 50 gr. eða þar undir ... (fyrir sýnishorn er minsta burðargjald 20 aurar og fyrir verslunarskjöl 40 au.)	10 —
Meðmælingargjald	30 —
Innheimtugjald fyrir póströfur á meðmælingarbrjefum og verðbrjefum	15 —
Fyrir verðböggla skal innheimta sjerstakt afgreiðslugjald	30 —
Hraðboðagjald	50 —
Móttökukvittun, sem beðið er um, þegar sendingin er látin á póst	20 —
Móttökukvittun, sem beðið er um eftir á	40 —
Fyrirspurnir um allskonar sendingar	40 —

Póststjórnin, Reykjavík, 31. mars 1921.

S. Briem.

Reglugjörð

um

112
5. sept.

[Hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal annast um, að allir hundar 2ja mánaða og eldri innan lögsagnarumdæmisins sjeu hreinsaðir af bandormum svo vel sem frekast er unt. Hreinsun fer fram í maí og nóvember árlega eftir leiðarvísi, er heilbrigðisnefnd semur. Ef heilbrigðisnefnd telur sjerstaka ástæðu til, getur nefndin fyrirskipað aukahreinsun.

2. gr.

Til starfans skipar heilbrigðisnefnd 1 mann. Getur enginn karlmaður, búsettur innan lögsagnarumdæmisins, að undanteknum embættismönnum, bæjarfulltrúum, símamönnum og starfsmönnum bæjarins, skorast undan að gegna starfi þessu 4 ár í senn.

112

5. sept.

Hverjum hundeiganda er skylt að hafa helsi á hundi sínum með áletruðu Sf og tölu. Heilbrigðisnefnd afhendir hreinsunarmanni bók, er árlega skulu skráðir í hundar kaupstaðarbúa, aldur, heiti, helsitala, nafn eiganda og bústaður. Þar skal og skrá, hvenær hreinsanir fari fram og með hverjum árangri. Helsið skal sett á hundana í viðurvist hreinsunarmanns að minsta kosti vorið 1922, er hreinsun fer fram.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur gera steinlímdan kofa í Seyðisfjarðarkaupstað til hreinsananna og skal færa þangað hunda til hreinsunar samkvæmt auglýsingu hreinsunarmanns, en hreinsun hunda utan hreinsunarkofa er stranglega bönnuð. Kostnaður við kofagerðina greiðist úr bæjarsjóði.

4. gr.

Hunda skal hreinsa í nóvember og maí árlega og skal hreinsunarmaður auglýsa stað og stundu hreinsana með 10 daga fyrirvara á venjulegan hátt. Öllum hundaeigendum er þá skylt að koma með hunda sína í hreinsunarkofann eftir þeirri röð, er hreinsunarmaður tiltekur og vera honum til aðstoðar við inngjóf og böðun, ef þess er krafist. Ef forföll valda, að hundur komi eigi til hreinsunar á tilteknum tíma, skal eigandi tilkynna hreinsunarmanni og láta svo fljótt sem unt er og samkvæmt skipun hreinsunarmanns koma með hundinn, er hreinsunarmaður svo hreinsar. Ef hundeigandi vanrækir þetta, telst hann hafa skotið hundi undan hreinsun.

5. gr.

Hreinsunarmaður skal tvisvar á ári, í desember og júní, gefa heilbrigðisnefnd nákvæma skýrslu um hundahreinsanir samkvæmt fyrirmynd heilbrigðisnefndar.

6. gr.

Nú verður vart við bandorm í hundi milli hreinsana, og skal þá eigandi hans færa hann hreinsunarmanni svo fljótt sem frekast er unt, en teljast ella sekur um að hafa skotið hundi undan hreinsun. Sá hundur verður þó eigi undanþeginn hreinsun á hinum lögskipaða tíma, ef meira en 3 vikur eru til næsta hreinsunarmánaðar.

7. gr.

Skylt er öllum af fremsta megni að varna því, að hundur nái að jeta sulli eða nokkuð ósoðið af innýflum eða kjóti alidýra. Einnig skal þess vandlega gætt, að hundar komist ekki í matarlát, vatnslát eða vatnsból, að þeir hafist ekki við í íbúðarhúsum, baðstofum eða búrum og að börn leiki sjer ekki við þá. Þessar og aðrar varúðarreglur gegn sullaveikinni skal heilbrigðisnefnd og lögregluþjónar brýna fyrir almenningi.

8. gr.

Hreinsunarmaður skal halda hundabaldsbækur eftir fyrirmynd heilbrigðisnefndar. Skal hreinsunarmaður gæta starfsins með árvegni og alúð og rækilega brýna fyrir mönnum að gæta sem mestrar varúðar í umgengni við hunda, og ganga eftir því eftir megni, að brendir séu sullir úr sláturfé. Hreinsunarmaður fær að launum tvær krónur fyrir hverja hreinsun hunds er hundeigandi greiðir. Taka má gjaldið lögtaki hjá hundeiganda.

9. gr.

10. gr.

112

Hreinsun hunda og allri meðferð á undan og eftir skal hagað nákvæmlega eftir leiðarvísi þeim, sem nefndur er í 1. gr. og eftir ákvæðum heilbrigðisnefndar innan þeirra takmarka, er leiðarvísirinn setur. Meðulin svo og múla til afnota við hreinsanir útvegjar heilbrigðisnefnd á kostnað bæjarsjóðs.

5. sept.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 — 100 kr., er renna í bæjarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. maí 1922.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar 5. sept. 1921.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 24. nóv. 1921.

Jón Þór Sigtryggsson,
settur.

Reglugjörð

um

lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

113

17. sept.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins eru 50000 kr., sem ríkissjóður hefir lagt fram, og auk þess ábyrgist ríkissjóðurinn greiðslu lífeyris úr sjóðnum, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 51, 27. júní 1921.

2. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almönnu launalögum, er, með þeim undantekningum, sem segir í þessari grein, skyldur til að kaupa lífeyri í sjóðnum handa sjer og maka sínum, með því að greiða í sjóðinn hundraðshluta af launum sínum, eins og hjer segir:

1. Embættismenn, sem eftirlaunarjett eiga samkvæmt eldri lögum, greiða í lífeyrissjóðinn 5% af launaviðbót þeirri, er þeir fengu samkvæmt lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, þó þannig, að ekkert greiðist af þeim hluta launanna, sem um fram kann að vera 5000 kr. á ári, enda nýtur maki hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.
2. Embættismenn, sem ekki eiga eftirlaunarjett og voru eldri en 50 ára hinn 1. jan. 1920, greiða einnig 5% af árslaunum sínum án tillits til hversu há þau eru, enda njóta þeir aðeins lífeyris úr sjóðnum en eigi makar þeirra.